



Nefndasvið Alþingis

Varðandi þingskjal 205; 146. mál á 146.löggjafarþingi:

**Tillaga til þingsályktunar
um aðgerðaráætlun um orkuskipti
frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**

Umsögn Valorku ehf

A. Um hagsmuni Valorku ehf, sem varða tillöguna

Valorka ehf er eina íslenska fyrirtækið sem vinnur að tækniþróun á sviði sjávarfallaorku, en sjávarorka er umfangsmesta orkuauðlind Íslands; sú eina sem unnt er að nýta án nokkurra þekktra umhverfisáhrifa, og algerlega endurnýjanleg orka. Valorka hefur náð verulegum árangri; m.a. fengið fyrsta einkaleyfi íslensks hverfils og gert fyrstu prófanir hverfils í sjó til raforkuframleiðslu. Eins og kemur fram í skýrslu sem nýlega var send öllum alþingismönnum og ráðherrum hefur verkefnið notið takmarkaðs stuðnings og búið við mikið skilningsleysi að hálfu hins opinbera stjórn- og stuðningsumhverfis; á sama tíma og það styður á allan hátt við markmið stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum. Þó Valorka sé, enn sem komið er, eina fyrirtækið í tækniþróun af þessu tagi verður að líta á það sem málsvara heillar nýrrar greinar í orkutækni hérlendis. Greinar sem erlendis veltir miklum fjárhæðum og er talin mikilvæg við orkuskipti. Má benda á að helstu ríki Evrópu og ESB sjálf taka mjög tillit til sjávarorku við alla stefnumótun í orkumálum. Þrátt fyrir þá augljósu hagsmuni sem Valorka hefur af stefnumótun á sviði orkumála hefur fyrirtækinu einatt verið haldið utan alls samráðs við mótun stjórnvaldsstefnu á því sviði. Þannig vinnulag er augljóslega beinlínis skaðlegt hagsmunum þjóðarinnar, og alls ekki í anda siendurtekens ákalls kjörinna fulltrúa eftir grænum orkulausnum; eftir aukinni nýsköpun og eftir framlagi hugvitsmanna.

B. Þöntuð stefnumótun í þágu fárra hagsmunaaðila; vítaverðir stjórnarhættir

Tillagan sem hér birtist undir nafni iðnaðarráðherra kemur úr smiðju hagsmunahóps sem nefnist „Græna orkan“, eins og fram kemur í greinargerð. Tilurð þessa hóps er rakin í greinargerðinni: Í byrjun var hann vinnuhópur sem ráðherra skipaði sér til ráðgjafar varðandi orkuskipti í samgöngum, en síðar söfnuðust fleiri hagsmunaaðilar að hópnum, bæði einkaaðilar, stofnanir og ríkisfyrirtæki. Þar ríkir þó ekki neinn þverskurður af hagsmunum þjóðarinnar varðandi málefni umhverfisvænnar orku almennt. Í hópnum er t.d. enginn sem sérstaklega gætir hagsmuna sjávarorkunýtingar, eins og tillögur þessar bera glögglega með sér. Hópurinn er í raun þrýstihópur hagsmunaaðila sem hafa með þessu fyrirkomulagi greiðari leið en samkeppnisaðilarnir að ráðuneytum og einstökum ráðherrum; til þess t.a.m. að leggja fram pantaðar tillögur sem þjóna hagsmunum meðlimanna. Eins og kemur fram í erindisbréfi „Grænu orkunnar“ á heimasíðu hennar er hópnum einkum ætlað að vera ráðgefandi í málum sem varða orkuskipti í samgöngum. Það er því í hæsta máta óeðlilegt að tillögur þessar: til stefnumótunar á mun viðtækari sviðum, skuli samdar að tilhlutan þessara hagsmunaaðila og án tillits til annarra sem starfa á sviði orkuþróunar.



Valorka mótmælir því harðlega að ráðherra þjóni á þennan hátt fámennum hagsmunahópi án þess að gæta nokkurs jafnræðis við þá sem standa utan hópsins. Í ráðuneytinu er allmikið vitað um verkefni Valorku vegna fyrri samskipta. Framlagning þessarar tillögu fyrir hönd fámenns hagsmunahóps og án þess að Valorku sé á nokkurn hátt boðið jafnræði, getur því ekki talist annað en vísvitandi sniðganga og fordómar. Slík vinnubrögð að hálfu ráðuneytis eru ólíðandi með öllu; og vítaverð.

Valorka fer framá að ráðherra dragi þessar tillögur til baka og leggi fram nýjar; þar sem tekið verður tillit til sjónarmiða og þarfa aðila sem stunda tækniþróun á sviði orkuskipta, ekki síður en hagsmuna meðlima „Grænu orkunnar“.

C. Óvönduð vinnubrögð við þingmál

Á síðari misserum hafa komið upp nokkur slæm dæmi um hroðvirknisleg vinnubrögð við undirbúning þingmála. Nægir í því efni að benda á tvö tilvik. Hið fyrra er afgreiðsla laga nr 110/2014 um málefni Orkusjóðs. Með þeim voru gerðar nokkrar breytingar á starfsemi sjóðsins; m.a. á þann veg að ráðgjafarnefnd tók við hlutverki orkuráðs. Um leið var felld út heimild sjóðsins til að veita áhættulán, enda hafði sú heimild ekki verið nýtt. Fyrir mistök í frumvarpstextanum sem kom frá iðnaðarráðuneytinu var um leið felld út heimild Orkusjóðs til að veita styrki til þróunar orkutækni. Þingmenn áttuðu sig ekki á mistökunum heldur samþykktu mistökin og meinuðu Orkusjóði þar með að styðja eðlilega og nauðsynlega þróun orkutækni í landinu. Þau mistök Alþingis hafa orðið til að setja alla nýsköpun í orkutækni í uppnám, og hafa m.a. valdið miklum erfiðleikum og töfum í verkefnum Valorku ehf. Síðari mistökin í lagasetningu Alþingis voru varðandi bætur almannatrygginga, og þurfti sérstaka lagasetningu nýlega til að forða ríkissjóði frá milljarðaútgjöldum vegna þeirra.

Með þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu leggur iðnaðarráðuneytið enn á ný meingallað þingmál fyrir Alþingi. Galli þessa þingskjals liggur fyrst og fremst í því ósamræmi sem er á milli meginmarkmiða á víðtæku sviði í upphafi þess og framkvæmdaatriða á litlum hluta þess sviðs í síðari hlutanum. Með öðrum orðum: framkvæmdaatriðin ná ekki til þeirra sviða sem aðgerðaáætluninni í heild er ætlað að ná til. Verði þingsályktunartillagan samþykkt óbreytt mun hún því hafa það í för með sér að engin framþróun getur orðið á öðrum sviðum orkuskipta en þeim sem lúta að samgöngum og fiskimjolsverksmiðjum. Stjórnvöldum, sem taka eiga mið af áætluninni í gerðum sínum, verður óheimilt að styðja t.d. við þróun tækni sem hraðar orkuskiptum; svo sem tækni þá sem Valorka þróar.

Hér er því um afar hroðvirkisleg vinnubrögð að ræða: Þingskjal sem að óbreyttu mun hamla þróun í orkuskiptum á fjölmörgum sviðum: Þingskjal sem, verði það samþykkt, mun fljótlega kalla á klastursviðgerð af sama tagi og Alþingi varð að gera á almannatryggingalögum nýlega. Tveir kostir virðast mögulegir í stöðunni, eigi að afgreiða þetta þingmál. Annarsvegar er hugsanlegt að breyta markmiðssetningu aðgerðaáætlunarinnar á þann veg að hún nái einungis til orkuskipta í samgöngum, og að það verði þá skýrt tekið fram í titli og öllum texta hennar. Sú breyting kallar vitaskuld á það að önnur aðgerðaáætlun verði tafarlaust lögð fram, sem tekur til annarra atriða orkuskipta; svo sem tækniþróunar í sjávarorku og öðrum nýjum sviðum umhverfisvænnar og endurnýjanlegrar orku. Hinn kosturinn er mun eðlilegri og æskilegri, en hann er sá að bætt verði við framkvæmdaáætlunina atriðum sem varða önnur svið orkuskipta en þau sem þar er þegar tekið á. Ábendingar Valorku hér á eftir miða við að þær lagfæringar verði gerðar.

Óhugsandi er að Alþingi samþykki þennan óskapnað óbreyttan.



D. Einstök atriði tillögunnar og nauðsynlegar úrbætur:

1. Titill og inngangur tillögunnar gefa skýrt til kynna að um er að ræða heildar framkvæmdaáætlun stjórnvalda í þeim málefnum sem varða orkuskipti og minni losun gróðurhúsalofttegunda; þ.e. viðleitni til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegra og vistvænna orkugjafa. Þau markmið eru í samræmi við markmið Parísarsamkomulagið sem núna er skuldbindandi fyrir Ísland. Í því efni er nauðsynlegt að hafa í huga að Íslendingum ber að vinna hnattrænt að því að uppfylla ákvæði samkomulagsins. Aðgerðaráætlun um orkuskipti hlýtur því að vera aðgerðaráætlun til stuðnings þeim íslensku verkefnum sem nýst geta hnattrænt til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis; jafnvel þó ekki sé á þessum tíma þörf á notkun þeirra hérlendis. Slíkt á við um þróun sjávarorkutækni og því hlýtur áætlun af þessu tagi að þurfa að innibera stuðning við þann málaflokk. Þess sér ekki stað í tillögunum og nauðsynlegt er að bæta úr því. Óviðunandi er að svo víðtækar tillögur taki einungis mið af hagsmunum hins fámenna hóps sem starfar innan „Grænu orkunnar“.
2. Hnykkt er á þessu víðfeðma sviði aðgerðaráætlunarinnar í tölulíð 1; um markmið, þar sem segir að „Ísland skuli verða framarlega í notkun endurnýjanlegrar orku á öllum sviðum“. Ekki eingöngu á sviði samgangna. Því hlýtur það að teljast óeðlilegt að aðgerðaráætlun sé eingöngu miðuð við þarfir hins þrönga geira samgangna en ekki þeirra sem hérlendis standa framarlegaá heimsvísu í þróun tækni til nýtingar nýrra hreinna orkulinda, eins og á við um Valorku.
3. Athyglisverð, og þörf, er áhersla tillagnanna í 2.tölulíð (hagrænir hvatar), þar sem segir; „Hvati verði til staðar fyrir neytendur og fyrirtæki við val á vistvænni tækni og orkugjöfum sem stuðli að aukinni framleiðslu endurnýjanlegra orkugjafa“. Þetta orðalag er mjög víðfeðmt, og m.a. til þess fallið að stuðla að þeirri þróun vistvænnar tækni sem Valorka vinnur að. Hinsvegar miða framkvæmdaliðir þessarar sömu tillögu eingöngu að atriðum sem varða samgöngur; þar er ekki að finna neitt sem styður við þróun tækni til vistvænnar endurnýjanlegrar orkuframleiðslu. Þar þarf úr að bæta.
4. Á nokkrum stöðum í tillögunni, t.d. í tölulíð 3, kemur fyrir hugtakið „vistvænt ökutæki“. Ekki verður skilið af tillögunni hvað við er átt, en líklegast eru það reiðhjól eða hestavagnar. Ekki getur með þessu verið átt við batterisdrijfna bíla, þar sem sannað er að þeir skilja eftir sig stærra hnattrænt vistspor en nýjustu bílar með sprengihreyfli, þó vissulega losi þeir ekki mengandi lofttegundir. Það verður að flokkast undir óvönduð vinnubrögð að slá fram slíkri merkingarleysu. Ranga hugtakanotkun er einnig að finna í fyrstu málsgrein greinargerðar með þingskjalinu. Þar er jarðvarmaorka nefnd „endurnýjanleg orka“. Það er hún alls ekki, eins og okkar færustu fræðimenn hafa núna staðfest, og rannsóknir sýna. Má í því efni benda á áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur, sem gerir ráð fyrir miklum fjölda nýrra borhola á næstu árum til að halda óbreyttri raforkuframleiðslu. Slík ónákvæmni í orðalagi er ekki til þess fallin að auka traust á þessu þingskjali.
5. Í tölulíð 5 er fjallað um samstarf. Þar segir m.a: „Tryggt verði nauðsynlegt samstarf allra aðila innan stjórnskipulagsins, samfélagsins og atvinnulífsins...“ Í því ljósi verður að teljast fráleitt það samráðsleysi sem býr að baki þessari tillögugerð. Hvenær skyldi tillöguhöfundur ætla að hefja þetta samráð? Er það e.t.v. þegar fáir útvaldir eru búnir að móta reglur sem drepa niður aðra sem eiga að koma að samráðinu? Enn á ný skal það ítrekað að Valorku bauðst ekki á nokkurn hátt að koma að þessari meingölluðu tillögugerð. Hér er því um algera rökleysu að ræða.



6. Í 6.tölulið er vikið að „rannsóknnum, þróun og nýsköpun og alþjóðasamstarfi“. Þar eru fögur og þörf fyrirheit; „Stuðlað verði að rannsóknnum, tækniþróun og atvinnuþróun tengdri endurnýjanlegum orkugjöfum. Efla skal stuðningsumhverfi nýsköpunar í tengslum við orkuskipti“. Ekki skortir þarna falleg fyrirheit, og er vel ef efndirnar verða meiri en reynslan hefur sýnt. Valorka ehf býr að lærdómsríkri reynslu af stuðningi við umhverfissvæna nýsköpun á síðustu árum, og hún er ekki í neinu samræmi við þau glæstu fyrirheit sem þarna eru á lofti. Í nýlegri skýrslu Valorku til stjórnvalda er lýst fjölmörgum tilraunum opinberra aðila til að hindra framgang verkefnisins. Má þar til dæmis nefna þá ákvörðun Alþingis, samkvæmt tillögu iðnaðarráðherra, að fella niður heimild Orkusjóðs til að styðja þróun nýrrar umhverfissvænnar orkutækni. Einnig má nefna stuðning sama ráðherra við það framferði Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands að sölsa undir sig fé samkeppnissjóða í samkeppni við sína skjólstaðinga. Og þar með er fát upp talið. Síðasta útspil iðnaðarráðherra til að bregða fæti fyrir verkefni Valorku er framlagning þessara tillagna. Mál er að linni. Fagurgali í fyrirheitum gagnast lítið ef efndirnar skortir.
7. **Aðgerðaáætlun undir fölsku flaggi.** Fimm ára aðgerðaráætlun fylgir tillögunum, og gert ráð fyrir slíku á fimm ára fresti verði þær samþykktar. Nokkuð er þetta ítarlegt; aðskilið er land og haf ef einhver skyldi velkjast í vafa um muninn. Hér verða gerðar athugasemdir við það sem snýr að hagsmunum tækniþróunar í sjávarorku og sniðgöngu þeirra, en látið hjá líða að benda á önnur atriði sem þó eru aðfinnsluverð. Í heildina má segja að þau atriði framkvæmdaáætlunarinnar sem upp eru talin séu e.t.v. þörf, þó eflaust mætti gera athugasemdir við ýmislegt í þeim. Það aðfinnsluverða í þessari áætlun er hinn algeri skortur á markmiðssetningu í málefnum sem ekki varða samgöngur; ef frá er talinn liður B-6 um fiskmjölsverksmiðjur. Minnt er á hið víðfeðma svið sem aðgerðaráætluninni er ætlað að ná til, eins og bent var á í tölulið 1 og 2 hér að framan. Í ljósi þessa algilda hlutverks aðgerðaáætlunarinnar er algerlega óásættanlegt að framkvæmdaliðir áætlunarinnar til næstu 5 ára skuli einskorðast við hagsmuni aðila sem vinna að orkuskiptum í samgöngum, en ekki annarra sem falla undir markmiðslýsingu áætlunarinnar. Í greinargerð tillögunnar er ekki að finna neina skýringu á þessari sniðgöngu, aðra en þá að ráðherra sé með tillögunni að ganga erinda aðila sem eiga samstarf í klúbbnum „Græna orkan“. Valorka ehf mótmælir harðlega þeirri mismunun sem felst í vinnubrögðum ráðuneytisins.
8. **Valorka leggur til, auk lagfæringa á fyrrnefndum atriðum, að bætt verði nýjum tölulið inn í framkvæmdaáætlun þingsályktunartillögunnar, á þá leið að tryggður skuli stuðningur við þróun tækni til virkjunar áður ónýttra orkuauðlinda, s.s. sjávarorku. Það verði t.d. gert með sérstaklega afmörkuðum styrkjaflokkum innan Orkusjóðs og Tækniþróunarsjóðs.** Hér er ekki gerð tillaga um orðalag í þessum efnunum, heldur er gerð sú sanngjarna krafa að Valorka fái ekki síðri aðkomu að frágangi þeirrar tillögu en aðilar innan „Grænu orkunnar“ fengu að gerð tillagna sinna.

Hér hefur verið bent á nokkur atriði sem nauðsynlegt er að breyta í þessari þingsályktunartillögu. Alvarlegasti galli tillögunnar er sá sem nefndur var hér í sjöunda tölulið; hið algera ósamræmi milli hins víðtæka markmiðs áætlunarinnar sem nefnt er í upphafi og þeirra þröngt afmörkuðu framkvæmdaatriða sem talin eru upp, og eiga að marka stefnu stjórnvalda í öllum málefnum orkuskipta næstu fimm árin. Þau framkvæmdaatriði eru nær alfarið á sviði orkuskipta í samgöngum en þyrftu, samkvæmt markmiðum áætlunarinnar, að vera á öllum sviðum orkumála.



Nauðsynlegt er að veigamiklar lagfæringar verði gerðar á þessari þingsályktunartillögu í meðförum Alþingis: ellegar að hún verði dregin til baka. Verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt án þess að bætt verði úr þeim atriðum sem að framan eru nefnd, er augljóst að Alþingi hafnar því bróunarstarfi sem Valorka ehf hefur unnið að í þjóðarþágu síðastliðin níu ár. Fari svo, er augljóst að íslensk stjórnvöld leggja ekki áherslu á að standa við fyrirheit sín í Parísarsamkomulaginu, auk þess sem þau um leið hafna því tækifæri sem Valorka hefur nú skapað Íslendingum til að vera leiðandi á sviði tækni til virkjunar lághraða sjávarfalla. Valorka væntir þess að hér verði úr bætt, og að lágmarki bætt inn nýjum tölulið í framkvæmdaáætlunina í samræmi við lið 8 hér að framan.

Ásbrú 04.03.2017

f.h. Valorku ehf

Valdimar Össurarson, frkvstj.